

19.10.2012

Góðan daginn.

Brynjólfur heiti ég og er að kvarta undan því að krakkar, sem eiga vespur, eru að keyra vespunum á gangstéttum. Það fer mjög mikið í taugarnar í mér að krakkar séu að nota gangstéttir til að fara um á vespunum, auk þess er það stórhættulegt og virkilega pirrandi. Þetta eru krakkar sem eru kannski undir 16 ára aldri. Eins og reglurnar kveða á um þarf B-réttindi til að aka vespum og til að fá réttindi til að ná sér í slík réttindi, þarf maður að vera orðinn 16 ára. Það sem þarf að gera er að láta fólk, sem hyggst kaupa sér vespur, framvísa skilríki til þess að hægt sé að athuga hvort aldur hvers og eins sé 16 ár. Það þarf líka að skrá nýja umferðarreglu, sem kveður á um bann við akstri léttra bifhjóla á gangstéttum. Brot á þessarri reglu ætti að vera punkttagjöf, 1 punktur fyrir hvert brot. Í alvörunni, þetta er óþolandi og það þarf að gera eitthvað í þessu. Vespur eiga ekki heima á gangstéttum.

Virðingarfyllt

Brynjólfur Jóhann Bjarnason.